

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri Formfræði og fjarvídd (MYL214) Kennsluáætlun (Haust 2010)	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Nafn kennara:	Anna María Guðmann	Sk.stöfun:	AMÍ
Sími: 8978621	Viðtalstími á þriðjudögum 10:45 – 11:25	Netfang	ami@vma.is
Nafn kennara:	Hallgrímur Stefán Ingólfsson	Sk.stöfun:	HGI
Sími: 8924132	Viðtalstími á miðvikudögum 11:25 – 12:05	Netfang	hallgrimur@vma.is

Áfangalýsing

Áfanginn miðar að því að nemendur efli næmi sitt fyrir fjarvídd og myndbyggingu á tvívíðum fleti og dýpki skilning á grundvallaratriðum myndbyggingar og hönnunar. Í áfanganum er skynjun á formum í umhverfinu eflað og þrívíð tilfinning skerpt. Nemendur gera tilraunir með form og línur og læra undurstöðuatriði í fjarvídarteikningu.

Áfangamarkmið

Markmið nemenda er að þeir:

Dýpki skilning sinn á forsendum myndbyggingar og fjarvídðar.

Sýni markvisst þróunarferli í rannsóknum sínum og öðlist gott vald á myndbyggingu

Geti unnið á persónulegan hátt og þróað eigin hugmyndir.

Sýni frumleika í skipulagi og útfærslu verkefna sinna og geti gert myndir þannig að þær verði

spennandi og fjölbreyttar án þess að missa tókin á öruggri myndbyggingu.

Séu færir um að fjalla um og meta eigin verk og annarra á upplýstan og greinargóðan hátt með vísan í grundvallaratriði myndbyggingar og fjarvídðar.

Geti metið myndbyggingarlega þætti í myndverkum annarra, t.d. fjölmiðlaefni, kvikmyndir, listaverk o.fl.

Mæti í alla tíma og geti unnið sjálfstætt og skipulega.

Námsmat

Próflaus áfangi. Ástundun og símat. Mikilvægt að vinna öll verkefni því gefið er fyrir hvert og eitt.

Mikilvægt er að setja upp verkefnin sín í möppu á áhugaverðan og frumlegan hátt. **Skil eru eftir hverja lotu, og dragist að skila á réttum tíma dregst 1 heill frá fyrir hverja viku sem seinkun verður.**

Lota 1 = 15% (Amí)

Lota 2 = 25% (Amí)

Lota 3 = 7.5% (Amí)

Lota 4 = 10% (HGI)

Lota 5 = 12.5% (HGI)

Lota 6 = 12.5% (HGI)

Lota 7 = 12.5% (HGI)

Mæting = 5%

Mætingar

Það er 100% mætingarskylda. Slök mæting kemur niður á árangri og afköstum.

Einungis er gefið svigrúm fyrir 12 fjarvistarstig á önninni fyrir veikindi og þ.h. (3 stig fyrir hverja einingu). **Eftir það telst nemandi hafa sagt sig úr áfanganum.** Nemandi fær 1 stig fyrir fjarvist í 1 tíma (40 mín) og ½ stig fyrir að koma of seint.

Ef þið getið ekki mætt vinsamlega látið mig/okkur vita í gegnum tölvupóst eða sms (sjá efst á blaði)

Innkaup

Blýantar eða grafitblý, 2B og 6B eða jafnvel 9B

Svartir filtpennar með mismunandi breidd, 0.4, 0.6. Gott að eiga **sveran túss** líka.

Góða vatnslitapensla t.d. nr. 2, 5, 8 og 14 og flatann nr. 6, + stærri ef vill. Hægt að nota gervihárapensla (gul hár, ekki svínshárapensla).

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Formfræði og fjarvídd (MYL214) Kennsluáætlun (Haust 2010)	

Plastmöppu A3 með plastumslögum (það er hægt að kaupa hana í skólanum).

Penslatösku (fer betur með penslana – ekki nauðsynlegt). Ath. penslarnir nýtast líka í áföngunum sem koma á eftir formfræðinni.

Lota	Verklegur hluti
	Kynning á markmiðum, kennsluáætlun og áfanganum.
Lota 1	Formfræðin í umhverfinu skoðuð gegnum ramma. Skissur gerðar og myndbyggingin sérstaklega skoðuð. Ath. að horfa á umhverfið eins og þið hafið aldrei séð það áður. Útfært í lit með mismunandi aðferðum. Dagbókarvinna. (Vægi 15 %). Kennari Amí
Lota 2	Formfræðin og grundvallaratriði myndbyggingar skoðuð og gerðar skissur út frá því. Unnið óhlutbundið í geometrískum og ljóðrænum formum. Ýmsar reglur myndbyggingar skoðaðar og skissað hratt og mikið. Unnið með blýanti, bleki, túss, o fl. Úrvinnsla í lit með mismunandi miðlum s.s. þekjulitum, vatnslitum, bleki og collage. Dagbókarvinna. (Vægi 25 %). Kennari Amí
Lota 3	Vinna með hlutbundna mynd og hún þróuð yfir í óhlutbundna mynd í 4 þrepum og síðan unnin í lit. Dagbókarvinna. (Vægi 7.5 %). Kennari Amí
Lota 4	Fjarvídd. Kynning á ýmsum aðferðum fjarvídarteikningar og skissur unnar samkvæmt því (Vægi 10%)
Lota 5	Verkefni unnin í eins punkts fjarvídd. (Vægi 12.5%)
Lota 6	Verkefni unnin í tveggja punkta fjarvídd. (Vægi 12.5%)
Lota 7	Persónulegar útfærslur með mismunandi útfærslum. (Vægi 12.5%)
LOK	Frágangur og uppsetning verkefna í möppu og verk hengd upp fyrir foreldra og/eða vinakvöld líklega þann 29. apríl. Kennari Amí og Hallgrímur

	Námsefni
Ljósrit	Ýmis ljósrit sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni.

Athugið

Verkefni nemenda eru geymd án ábyrgðar í 1 ár frá sýnidegi prófa og fargað hafi þau ekki verið sótt að þeim tíma liðnum

Með fyrirvara um breytingar. Gangi ykkur vel og hafið gaman af.

Amí og Hallgrímur

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagst. eða staðgengils

Undirritun kennara